

Jón Kristjánsson, fiskifræðingur,
apríl 1975.

Veiðimálastofnunin.

Fiskifræðilegar rannsóknir á Héðinsfjarðarvatni sumarið 1973.

Bráðabirgðaskýrsla.

Inngangur.

Í framhaldi af þeim athugunum sem gerðar voru á fiski í vatninu 1972, var gerð áætlun um söfnun fleiri gagna sumarið 1973. Örlygur Kristfinnsson, veiðivörður, annaðist alla skráningu og sýnatöku á staðnum, úrvinnsla gagna fór fram á Veiðimálastofnuninni. Þar sem sjóbleikjurannsóknir eru á nokkru byrjunarstigi, hefur ekki endanlega verið unnið úr öllum gögnum, því meiningin er að þau myndi hluta af stærri heild síðar meir. Þó tel ég rétt að birta hér helstu niðurstöður.

Vinnutilhögun.

Notuð var tilraunanetasamstæða (7 net, 21 - 52 mm möskvi). Hún var lögð í vatnið 21/6, og með jöfnu millibili til 10. septembers. Veitt var á ýmsum stöðum í vatninu og eins í sjónum fyrir framan árósin. Lagnir (1 lögn = 1 net í eina nótt) urðu alls 90 og um 700 fiskar veiddust í netin (ca. 350 kg.). Allir fiskar voru lengdarmældir, og hluti aflans var veginn. Greint var á milli vatnableikju og sjóbleikju, kyn og kynþroski ákvarðað, aldurssýni voru tekin úr hluta aflans. Stangveiddur fiskur fékk samskonar meðferð.

Helstu niðurstöður.

Tafla 1, bls. 2 sýnir hvernig aflinn skiptist milli hinna ýmsu möskvastærða í 7 skipti á tímabilinu 21/6 - 30/8.

Tafla 1.

möskvastærð		fj. lagna	fj. fiska	fj./í lögn
12	omf/alín 52 mm	7	13	1,86
14	" 45 "	7	21	3,00
16	" 40 "	6	22	3,68
18	" 32 "	7	37	5,30
22	" 29 "	7	57	8,15
24	" 26 "	7	74	10,06
30	" 21 "	14	132	9,45

Vatnableikja.

Í tilraunaveiðinni veiddust 476 vatnableikjur 12 - 66 cm að lengd. Lengdardreifingin er sýnd á mynd 1, bls. 5. Á stöng veiddust 146 stk..

Tafla 2. Niðrurstöður úr aldursgreiningu á vatnableikju.

aldur,	fjöldi,	meðall. cm,	spönn cm,	SD \bar{X}
5+	6	19,6	16,5 - 23,0	0,9
6+	8	21,5	16,5 - 27,5	1,2
7+	5	25,1	22,5 - 30,0	1,8
8+	4	21,1	18,5 - 22,5	0,9
9+	6	30,9	23,0 - 37,0	2,5
10+	14	32,9	25,5 - 42,0	1,6
11+	11	34,3	27,0 - 45,0	1,8
12+	9	40,3	33,5 - 46,5	1,4

17 bleikjur voru á aldrinum 13 - 22 ára, sú elsta var 49 cm að lengd.

Sjóbleikja.

Alls veiddust 215 sjóbleikjur í tilraunanetinu, lengdardreifing aflans er sýnd á mynd 2, bls. 6. Stangveiðin gaf 407 stk., lengdardreifingin er sýnd á mynd 3, bls. 7. Stærsta sjóbleikjan sem veiddist var 61 cm, hrygna, um 2,2 kg að þyngd. Hún hafði farið í sjó 5 ára gömul og var að koma úr sjó í tíunda sinn er hún veiddist. Þess skal getið að sjóbleikja

dvelur aðeins í sjó fáa mánuði á sumri og hefur vetursetu í fersku vatni. Bleikjan vex mjög hratt í sjónum og fjöldi sumra sem hún hefur dvalið í sjó skiftir því meira máli hvað varðar stærð hennar, en heildaraldurinn. Hjá flestum bleikjanna í Héðinsfirði er unnt að sjá hve lengi bleikjan var að ná sjógöngustærð, og hve oft hún hefur farið í sjó. Þetta sést á kvörnunum. Tafla 3 sýnir hve mörg ár bleikjan dvelur í ferskvatni áður en hún gengur í sjó. Til samanburðar eru tölur frá norður-Noregi (Nordeng 61). Tafla 4 sýnir meðallengd eftir 1, 2, 3 ár í sjó, o.s.frv.

Tafla 3. Aldur við sjógöngu hjá bleikju í Héðinsfirði.

aldur við fyrstu sjávargöngu	fjöldi	%	% í N.Noregi
2 ár	2	7,7	8,8
3 "	4	15,4	28,2
4 "	10	38,5	41,0
5 "	9	34,6	19,4
6 "	1	3,8	2,6

Samtals 26

Tafla 4. Lengd á bleikju í Héðinsfirði miðað við fjölda sumra í sjó.

fjöldi sumra í sjó	fjöldi fiska	meðallengd (cm)
2	12	32,4
3	4	37,9
4	2	45,0
5	2	40,7
6	3	48,5
10	1	61,0

Mjög athyglisvert er að lengd bleikjunnar eftir 2, 3 og 4 sumur í sjó er hin sama í Héðinsfirði og hún er á Svalbarða og í N-Noregi (Jensen 68).

Ýmsar ályktanir, framtíðarverkefni.

Engin netaveiði hefur verið stunduð í vatninu um árabil og ber fiskstofninn þess glögg merki. Vatnableikjan er mjög gömul og yfirleitt horuð. Mikið magn af fiski er í vatninu, og bendir margt til þess að framleiðnin sé góð. Ekki er vafi á að grisjun myndi hafa góð áhrif á fiskstofninn og ef búið væri við vatnið myndi slíkt eindregið ráðlagt. Niðurstöður af rannsóknum á sjóbleikjunni eru ekki óvæntar, það sem kemur á óvart er, hve vel þær koma heim við rannsóknir í Noregi. Næsta skref er að finna út stofnstærð, dánartölu í sjó o.fl. með tilliti til væntanlegrar arðsemi af sleppingu eldisseiða af sjóbleikju. Til þess þarf að koma upp fiskagildru í útrennslinu sem veiðir fisk bæði á leið út og inn, og framkvæma viðtækar merkingar. Þar sem Héðinsfjörður er afskekktur og þar að auki í eyði, yrði slíkarannsókn bæði erfið og kostnaðarsöm, sennilega hagkvæmara að framkvæma hana annarsstaðar, t.d. í Fljótunum eða Ólafsfirði. Lítið þarf út af að bera til þess að fiskagildirur fari úr skorðum og verður að hafa á þeim daglegar gætur.

Heimildir:

- JENSEN, K. W. 1968 ed: Sportsfiskerens leksikon, bd. 1 og 2. Oslo 1968.
- NORDENG, H. 1961: On the Biology of Char (*Salmo alpinus* L.) in Salangen, North Norway. I. Age and Spawning Frequency Determined from Scales and Otolithes. *Nytt Mag. f. zoologi*, 10:67-123.

MYNDA


HEDINSFJORDUR 1973

LENGDAR DREIFING AFLA VIR

TILRAUNANETUM.

VATNABLEIJA.


Fjöldi
FISKA.



LENGD . CM

HÉÐWISFJÖRÐUR 1973
 SJÖRNEIJA, LÉNÐAR DREIFING
 TILRAUNANETUM.

Mynd 2.




Mýnd 3

STANG VEIÐI

HÉDINSFJÖRÐUR 1973

LENÐARDREIÐING Á SJÖBLEIKUM SVV. VEIÐIÞÖK



34

38

42


LENGD, CM.

20 22 24 26 28 30 32 34 36 38 40 42 44 46 48 50 52 54

Fjöldi

SJÓBLEIKJA

LENGD, CM



FJÖLDI SUMRA I SJÓ EFTIR
FYRSTU GÖNGU ÞANGRYÐ (E)